



# **EVROPUSÁTTMÁLI UM JAFNA STÖÐU KVENNA OG KARLA Í SVEITARFÉLÖGUM OG HÉRUÐUM**

**Sáttmáli fyrir sveitar- og héraðsstjórnir Evrópu um  
skuldbindingar þeirra til að beita völdum sínum og  
samstarfstengslum til að ná fram auknu jafnrétti  
fyrir íbúa sína**

**Saminn og kynntur af  
Evrópusamtökum sveitarfélaga og héraða og samstarfsaðilum þeirra**

## INNGANGUR

Evrópusáttmáli um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum er ætlaður sveitar- og héraðsstjórnnum í Evrópu. Þeim er boðið að undirrita hann og skuldbinda sig þar með formlega og opinberlega til að virða grundvallarregluna um jafnrétti kvenna og karla og innleiða þær skuldbindingar sem felast í sáttmálanum innan síns svæðis.

Til að aðstoða við innleiðingu þessara skuldbindinga ábyrgjast þau stjórnvöld sem undirrita sáttmálann að leggja fram aðgerðaáætlun í jafnréttismálum þar sem sett eru fram forgangsmál þeirra, aðgerðir og úrræði í þessu skyni.

Að auki taka þau stjórnvöld sem undirrita sáttmálann að sér að vinna með öllum stofnunum og samtökum á sínu svæði að framgangi raunverulegs jafnréttis í framkvæmd.

Sáttmáli þessi var saminn og unninn innan vébanda verkefnis (2005–2006) á vegum Evrópusamtaka sveitarfélaga og héraða í samvinnu við fjölda aðila sem eru skráðir hér á eftir. Verkefnið hlaut stuðning framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í gegnum 5. aðgerðaáætlun hennar um jafna stöðu karla og kvenna.

\* \* \* \* \*

Jafnrétti kvenna og karla er grundvallarréttur okkar allra og grunngildi í öllum lýðræðisríkjum. Til þess að því megi ná þarf ekki einvörðungu að viðurkenna þennan rétt lagalega heldur beita honum markvisst á öllum sviðum: pólitískum, efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum.

Þrátt fyrir mörg dæmi um formlega viðurkenningu, og að árangur hafi náðst, er jafnrétti kvenna og karla í daglegu lífi ekki enn orðið að veruleika. Konur og karlar njóta ekki sömu réttinda í raun. Félagslegt, pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt misrétti er enn við lýði, eins og kemur meðal annars fram í launamun og því að hlutfallslega færri konur er að finna í röðum kjörinna fulltrúa.

Þetta misvægi er afleiðing félagslegrar formgerðar sem byggir á fjölda staðalímynda sem er að finna í fjölskyldum, menntun, menningu, fjölmiðlum, atvinnulífnum, skipulagi samfélagsins o.s.frv. Hægt er að bregðast við á mörgum sviðum, innleiða nýja nálgun og breyta uppbyggingu samfélagsins.

Sveitar- og héraðsstjórnir eru, sem það stjórnsýslustig sem stendur næst fólki, best til þess fallnar að berjast gegn viðvarandi og endurteknu misrétti og stuðla að samfélagi sem sannanlega byggist á jafnræði. Sveitarstjórnir geta gripið til raunverulegra aðgerða í þágu jafnréttis kvenna og karla með því að nýta valdsvið sitt og með samstarfi við fjölda gerenda á sínu svæði.

Nálægðarreglan (e. principle of subsidiarity) er þar að auki sérstaklega mikilvæg þegar kemur að innleiðingu í raun á rétti kvenna og karla til jafnrar stöðu. Þessi grunnregla á við um öll stjórnsýslustig, á vettvangi Evrópu, ríkja, héraða og

sveitarfélaga. Þrátt fyrir að sveitar- og héraðsstjórnir Evrópu beri mismunandi ábyrgð geta og eiga þær allar að vera virkar í því að stuðla að jafnrétti á raunhæfan hátt og hafa þannig áhrif á daglegt líf íbúa sinna.

Grunnreglur um sjálfstjórn sveitar- og héraðsstjórna eru nátengdar nálægðarreglunni. Sáttmáli Evrópuráðsins um sjálfstjórn sveitar- og héraðsstjórna frá árinu 1985, sem mikill meirihluti Evrópuríkja hefur undirritað og staðfest, leggur áherslu á „*rétt sveitarstjórna og getu til að setja reglur um og stjórna umtalsverðum hluta opinberra mála á eigin ábyrgð og í þágu íbúa, innan marka gildandi laga*“. Innleiðing og útbreiðsla réttar til jafnrar stöðu hlýtur að koma inn á kjarna hugtaksins um sjálfstjórn sveitarfélaga.

Staðbundið lýðræði hlýtur að leiða til þess að mest viðeigandi kostir séu valdir hvað varðar áþreifanlegustu hliðar daglegs lífs, svo sem í húsnæðismálum, öryggismálum, almenningsamgöngum, atvinnumálum eða heilbrigðismálum.

Enn fremur leiðir full þátttaka kvenna í þróun og innleiðingu staðbundinnar stefnumótunar til þess að hægt er að taka tillit til lífsreynslu þeirra, þekkingar og sköpunarkrafts.

Ef takast á að móta samfélag sem byggir á jafnrétti er nauðsynlegt að sveitar- og héraðsstjórnir taki fullt tillit til kynjasjónarmiða í stefnumótun sinni, skipulagi og framkvæmd. Í nútímasamfélagi og heimi framtíðarinnar er raunverulegt jafnrétti kvenna og karla lykillinn að efnahagslegum og félagslegum árangri okkar, ekki einungis á vettvangi Evrópu eða þjóðríkja heldur einnig í héruðum, borgum og staðbundnum samfélögum.

\* \* \* \* \*

Evrópusamtök sveitarstjórna og héraða, ásamt nefnd kjörinna kvenna í sveitar- og héraðsstjórnnum innan þeirra, hafa um árabil beitt sér fyrir framgangi jafnréttis kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum. Árið 2005 kynntu samtökin raunhæft tæki til notkunar fyrir sveitar- og héraðsstjórnir í Evrópu; jafnstöðubæinn. Með því að benda á fyrirmyndarverkefni ákveðinna evrópskra borga og sveitarfélaga gefur „jafnstöðubærinn“ kost á aðferðafræði til að framfylgja stefnu um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum. Þessi sáttmáli byggir á því starfi.

Hlutverk sveitar- og héraðsstjórna við að jafna stöðu kynjanna var staðfest í heimsyfirlýsingu IULA (Alþjóðasamtök sveitarstjórna), árið 1998 um „konur í sveitarstjórnnum“. Nýju heimssamtökin, United Cities and Local Governments, hafa haldið áfram að líta á jafna stöðu kvenna og karla sem eitt af grundvallarmarkmiðum sínum.

## FORMÁLI

**Evrópusamtök sveitarfélaga og héraða, sem fulltrúi sveitar- og héraðsstjórna í Evrópu og í samstarfi við eftirtalda aðila:**

Burguillos del Cerro-borg (Spáni)

Cartagena-borg (Spáni)

Fastanefnd Evrópu-Miðjarðarhafssamtaka sveitar- og héraðsstjórna (COPPEM)

Frakklandsdeild CEMR (AFCCRE)

Frankfurt am Main-borg (Þýskalandi)

House of Time and Mobility Belfort-Montbéliard (Frakklandi)

Ítalíudeild CEMR (AICCRE)

Landssamtök sveitarfélaga í Búlgaríu

Saint Jean de la Ruelle-borg (Frakklandi)

Samband bæja og sveitarfélaga í Tékklandi

Samband sveitarstjórna í Ungverjalandi (TÖOSZ)

Samband sveitarstjórna og sveitarfélaga í Grikklandi (KEDKE)

Samband Toscana innan AICCRE

Samtök austurrískra borga

Samtök sveitarfélaga á Kýpur

Samtök finnskra sveitar- og héraðsstjórna (AFLRA)

Samtök baskneskra sveitarfélaga (EUDEL)

Samtök bæjar- og sveitarstjórna í Lúxemborg (SYVICOL)

Samtök pólskra borga

Samtök sveitarfélaga og héraða á Spáni (FEMP)

Samtök sveitarfélaga og svæða í Extremadura (FEMPEX)

Sevilla-borg (Spáni)

Vínarborg (Austurríki)

Þýskalandsdeild CEMR (RGRE)

Valencia-borg (Spáni)

**Minnug** þess að Evrópubandalagið og Evrópusambandið eru byggð á grundvallarréttindum og frelsi, þ. á m. á framgangi jafnréttis kvenna og karla og að Evrópulöggjöf hefur mótað grunninn að framförum á þessu sviði í Evrópu;

**Minnug** hinnar alþjóðlegu lagaumgjarðar mannréttinda hjá Sameinuðu þjóðunum, einkum mannréttindayfirlýsingarinnar og sáttmálans um afnám allrar mismununar gegn konum sem samþykktur var 1979;

**Leggja áherslu á** mikilvægt framlag Evrópuráðsins við að hvetja til jafnréttis kvenna og karla og sjálfsstjórnar staðbundinna stjórnvalda;

**Telja** að jafnrétti kvenna og karla feli í sér vilja til aðgerða á þremur samverkandi sviðum til að ná því fram, þ.e. útrýmingu beinnar mismununar, afnám óbeinnar mismununar og uppbyggingu pólitísku, lagalegs og félagslegs umhverfis sem styður við virka þróun lýðræðis sem byggist á jafnrétti;

**Harma** viðvarandi misræmi milli lagalegrar viðurkenningar á réttinum til jafnrar stöðu og raunverulegrar og skilvirkrar beitingar þess réttar;

**Telja** að sveitar- og héraðsstjórnir í Evrópu leiki, og verði að leika, veigamikil hlutverk fyrir borgara sína og íbúa við að innleiða réttinn til jafnrar stöðu, sérstaklega fyrir konur og karla, á öllum ábyrgðarsviðum sínum;

**Telja** að jöfn þátttaka kvenna og karla og jöfn hlutföll þeirra í ákvarðanatöku og leiðtogastöðum sé nauðsynleg fyrir lýðræði;

**Sækja innblástur** fyrir aðgerðir sínar, sérstaklega í sáttmálann um afnám allrar mismununar gegn konum frá 1979, í Peking-yfirlýsinguna og aðgerðaáætlun Sameinuðu þjóðanna frá 1995 og yfirlýsingar 23. aukafundar allsherjarþingsins árið 2000 (Peking +5), sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, tilmæli ráðsins frá desember 1996 um jafna þátttöku kvenna og karla við ákvarðanatöku og heimsyfirlýsingu Alþjóðasamtaka sveitarstjórna frá 1998 um konur í sveitarstjórnnum;

**Vilja minnst** þess að 25 ár eru frá því að sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum tók gildi í september 1981;

**hafa samið þennan Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum og bjóða sveitar- og héraðsstjórnnum í Evrópu að undirrita og innleiða þennan sáttmála.**

# I. HLUTI

## MEGINREGLUR

Þau sem undirrita þennan sáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum viðurkenna eftirfarandi sem meginreglur að baki aðgerðum sínum:

### 1. Jöfn staða kvenna og karla er grundvallarréttur

Þennan rétt þurfa sveitar- og héraðsstjórnir að innleiða á öllum þeim sviðum sem þær eru ábyrgar fyrir, þar á meðal að skuldbinda sig til að afnema allar birtingarmyndir mismununar, hvort sem þær eru beinar eða óbeinar.

### 2. Til að tryggja jafna stöðu kvenna og karla þarf að taka á margfaldri mismunun og lakari stöðu

Þegar unnið er að því að jafna stöðu kvenna og karla þarf að taka tillit til hvort fyrir hendi sé margföld mismunun og lakari staða sem fyrir utan kyn, á rót sína að rekja til kynþáttar, litarafts, þjóðernislegs eða félagslegs uppruna, erfðapátta, tungumáls, trúarbragða eða lífsviðhorfa, pólitískra eða annarra skoðana, minnihlutastöðu, eignastöðu, fæðingarstaðar, fötlunar, aldurs, kynhneigðar eða félags-/efnahagslegrar stöðu.<sup>1</sup>

### 3. Jöfn þátttaka kvenna og karla í ákvarðanatöku er forsenda lýðræðislegs þjóðfélags

Rétturinn til jafnrar stöðu kvenna og karla krefst þess að sveitar- og héraðsstjórnir beiti öllum tiltækum ráðum og innleiði allar viðeigandi aðferðir til að vinna að jöfnum hlutföllum og jafnri þátttöku kvenna og karla á öllum sviðum ákvarðanatöku.

### 4. Afnáam staðalímynda kynjanna er grunnur að því að jafnrétti kvenna og karla náist

Sveitar- og héraðsstjórnir verða að stuðla að afnámi staðalímynda og þeirra hindrana sem valda því að konur búa við lakari stöðu og aðstæður og sem leiða af sér ójafnt mat á hlutverkum kvenna og karla í pólitísku, efnahagslegu, félagslegu og menningarlegu samhengi.

---

<sup>1</sup> Hér er byggt á umræðu um að sumt fólk geti búið við margfalda mismunun eða tilheyrt fleiri en einum minnihluta-hópi. Til dæmis mætti hugsa sér svarta fatlaða konu sem væri um leið múslimi eða samkynhneigðan innflytjanda af gyðingættum. Viðkomandi einstaklingur getur glímt við margvíslega fordóma, vanmát (til dæmis vegna tungumáls), réttindaleysi eða menningarmun. Þetta er brýnt að hafa í huga í glímuni við að koma á jafnrétti þegnanna. Í fræðaheiminum er þessi umræða kennd við „inter-sectionality“ á ensku.

**5. Samþætting kynjasjónarmiða í öllum aðgerðum sveitar- og héraðsstjórnna er nauðsynleg til að vinna að framgangi jafnréttis kvenna og karla**

Taka verður tillit til kynjasjónarmiða þegar búin er til stefna, aðferðir og tæki sem hafa áhrif á daglegt líf íbúa, til dæmis í gegnum aðferðir „samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða“<sup>2</sup> og „kynjaðrar hagstjórnar“.<sup>3</sup> Í þessu augnamiði verður að greina og taka tillit til reynsluheims kvenna í sveitarfélögum og héruðum, þ.m.t. búsetu- og atvinnuskilyrða þeirra.

**6. Aðgerðaáætlanir og verkefni, sem njóta nægilegs fjármagns, eru nauðsynleg tæki til að vinna að framgangi jafnréttis kvenna og karla**

Sveitar- og héraðsstjórnir verða að vinna að aðgerðaáætlunum og verkefnum, með þeim fjárhagslega stuðningi, mannafla og úrræðum sem til þarf, svo takast megi að innleiða þau.

Þessar meginreglur mynda undirstöðu þeirra greina sem birtast í III. hluta hér á eftir.

---

<sup>2</sup> Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða: Í júlí 1997 skilgreindi efnahags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC) samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða á eftirfarandi hátt: „Samþætting kynjasjónarmiða er ferlið sem felur í sér mat á áhrifum allra skipulagðra athafna, þ.m.t. löggjafar, stefnu og verkefna, á öllum sviðum og öllum stigum, á bæði konur og karla. Samþætting er aðferð til að gera hugðarefni og reynslu kvenna, jafnt sem karla, grundvallarhluta af hönnun, innleiðingu, eftirfylgni og mati á stefnu og verkefnum á öllum pólitískum, efnahagslegum og samfélagslegum sviðum, svo að konur og karlar hagnist jafnt og misrétti sé ekki viðhaldið. Æðsta markmið samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða er að ná kynjajafnrétti.“

<sup>3</sup> Kynjuð hagstjórn: „Kynjuð hagstjórn felst í beitingu samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða í fjárhagsáætlunargerð. Í henni felst mat á fjárhagsáætlunum út frá kynjasjónarmiði, samþætting kynjasjónarmiða á öllum stigum fjárhagsáætlunargerðar og endurskoðun tekna og útgjalda til þess að stuðla að kynjajafnrétti.“



## II. HLUTI

### *INNLEIÐING SÁTTMÁLANS OG SKULDBINDINGAR*

#### *SEM AF HONUM LEIÐA*

Undirritaður skuldbindur sig til að fara í gegnum eftirfarandi skref til þess að innleiða ákvæði sáttmála þessa:

- 1) Hver sá sem undirritar þennan sáttmála mun, innan eðlilegra tímamarka (eigi meira en tveimur árum) eftir dagsetningu undirritunar, þróa og staðfesta aðgerðaáætlun í jafnréttismálum og að því loknu framfylgja henni.
- 2) Í jafnréttisáætluninni eru markmið og forgangsmál undirritaðs sett fram, þær ráðstafanir sem hann hyggst grípa til og þau úrræði sem beitt verður til þess að koma sáttmála þessum og skuldbindingum sem af honum leiða í framkvæmd. Áætlunin mun jafnframt tiltaka áætlaðan tímaramma til innleiðingar. Sé aðgerðaáætlun þegar til staðar hjá undirrituðum endurskoðar hann þá áætlun til að tryggja að hún taki á öllum atriðum sem sáttmáli þessi fjallar um.
- 3) Hver undirritaður mun eiga víðtækt samráð áður en aðgerðaáætlunin er samþykkt og mun einnig dreifa áætluninni víða þegar hún hefur verið samþykkt. Hann mun einnig reglulega birta opinberlega skýrslur um þann árangur sem hefur náðst í innleiðingu áætlunarinnar.
- 4) Hver undirritaður mun endurskoða aðgerðaáætlun sína eins og aðstæður krefjast og vinna aðra áætlun fyrir hvert tímabil sem tekur við.
- 5) Hver undirritaður skuldbindur sig til að hafa samvinnu um að viðeigandi matskerfi verði sett á fót til að hægt sé að meta framfarir við innleiðingu sáttmálans, og til að aðstoða sveitar- og héraðsstjórnir um alla Evrópu við að læra hverjar af annarri um skilvirkar leiðir til að ná fram jafnari stöðu kvenna og karla. Hann gerir aðgerðaáætlun sína, og önnur opinber gögn sem skipta máli, aðgengileg í þessum tilgangi.
- 6) Hver undirritaður upplýsir Evrópusamtök sveitarfélaga og héraða skriflega, um að hann hafi undirritað sáttmálann, um dagsetningu undirskriftar og um tengilið vegna framtíðar samstarfs varðandi sáttmálann.

### III. HLUTI

#### LÝÐRÆÐISLEG ÁBYRGÐ

##### 1. gr.

- 1) Undirritaður viðurkennir réttinn til jafnrar stöðu kvenna og karla sem grundvallarforsendu lýðræðis og að lýðræðislegt þjóðfélag hafi ekki efni á því að líta framhjá hæfni, þekkingu, reynslu og sköpunarkrafti kvenna. Í þessu augnamiði verður hann að tryggja, á grundvelli jafnréttis, að konur með ólíkan bakgrunn og á ólíkum aldri, séu með, þær eigi fulltrúa og taki þátt, á öllum sviðum pólitískrar og opinberrar ákvarðanatöku.
- 2) Undirritaður, sem lýðræðislega kjörinn aðili sem er ábyrgur fyrir því að vinna að velferð íbúa sinna og svæðis, skuldbindur sig þar af leiðandi til að vinna að því, sem lýðræðislegur leiðtogi hins staðbundna samfélags, sem sá sem veitir þjónustu og semur um hana, sem sá sem fer með skipulagsvald og setur reglur, og sem atvinnurekandi, að þessi réttur komist til framkvæmda í raun á öllum sviðum starfsemi hans.

#### PÓLITÍSKT HLUTVERK

##### 2. gr. – Fulltrúaval

- 1) Undirritaður viðurkennir jafnan rétt kvenna og karla til að kjósa, bjóða sig fram og sitja í kjörnu embætti.
- 2) Undirritaður viðurkennir jafnan rétt kvenna og karla til að taka þátt í mótun og framkvæmd stefnu, til að sitja í opinberu embætti og framkvæma allar opinberar aðgerðir á öllum stjórnsýslustigum.
- 3) Undirritaður viðurkennir grundvallarregluna um jöfn hlutföll innan allra kjörinna og opinberra ákvörðunartökuaðila.
- 4) Undirritaður skuldbindur sig til að gera allar réttmætar ráðstafanir til stuðnings ofangreindum réttindum og grundvallarreglu, þ.m.t. að:
  - hvetja konur til að setja sig á kjörskrá, til að nýta einstaklingsbundinn kosningarrétt sinn og til að bjóða sig fram í embætti,
  - hvetja stjórn mála flokka og -hópa til að samþykkja og innleiða grundvallarregluna um jöfn hlutföll kvenna og karla,
  - hvetja stjórn mála flokka og -hópa, í þessu augnamiði, til að taka öll lög mæt skref, þ.m.t. að innleiða kvóta þar sem við á, til að fjölga þeim konum sem valdar eru sem frambjóðendur og síðar kjörnar í embætti,

- setja eigin málsmeðferðarreglur og hegðunarreglur, svo ekki sé dregið úr kjarki mögulegra frambjóðenda og kjörinna fulltrúa vegna hegðunar og málfars, sem dregur dóm af staðalímyndum, eða vegna áreitni,
  - grípa til ráðstafana sem gera kjörnum fulltrúum kleift að samræma vinnu, einka- og opinbert líf sitt, til dæmis með því að tryggja að allar tímasetningar og vinnufyrirkomulag geri öllum kjörnum fulltrúum kleift að taka fullan þátt, svo og með því að þeim standi til boða umönnun fyrir þá sem þeir bera ábyrgð á.
- 5) Undirritaður skuldbindur sig til að halda á lofti og beita grundvallarreglunni um jöfn hlutföll við eigin ákvarðanatöku og umsagnargerð, sem og við tilnefningar sínar til utanaðkomandi aðila.

Ef jöfn hlutföll karla og kvenna eru ekki þegar fyrir hendi hjá stjórnvaldi, mun það innleiða ofangreinda reglu þannig að það geri stöðu þess kyns sem nú er í minnihluta engu verri.

- 6) Undirritaður skuldbindur sig enn fremur til að tryggja að ekkert opinbert eða pólitískt embætti, sem hann tilnefnir til eða kys í, sé í orði eða á borði, bundið við eða talið vera eðlilegt hlutverk annars kynsins vegna viðhorfa sem byggja á staðalímyndum.

### 3. gr. – Þátttaka í stjórnmálum og samfélagslífi

- 1) Undirritaður viðurkennir að réttur borgara til að taka þátt í framkvæmd opinberra mála sé grundvallarregla lýðræðis og að konur og karlar hafa rétt til að taka þátt á jafnréttisgrundvelli í stjórnsýslu og opinberu lífi í nærsamfélagi sínu, sveitarfélagi og héraði.
- 2) Í tengslum við mismunandi aðferðir við þátttöku almennings í eigin málefnum, til dæmis í gegnum ráðgjafarnefndir, hverfarád, rafræna þátttöku eða þátttöku í skipulagsmálum, skuldbindur undirritaður sig til að tryggja að konur og karlar geti tekið jafnan þátt í raun. Ef núverandi leiðir til þátttöku fela ekki í sér slíkt jafnrétti skuldbindur hann sig til að þróa og reyna nýjar aðferðir.
- 3) Undirritaður tekur að sér að vinna að virkri þátttöku kvenna og karla af öllum sviðum samfélagsins í stjórnmálum og samfélagslífi, sérstaklega kvenna og karla úr minnihlutahópum sem annars gætu verið útilokuð.

### 4. gr. – Opinber ábyrgð á jafnri stöðu

- 1) Undirritaður skal, sem lýðræðislegur leiðtogi og fulltrúi samfélags síns og svæðis, skuldbinda sig formlega og opinberlega til að framfylgja grundvallarreglunni um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélagum, þ.m.t. með því að:

- tilkynna undirritun þessa sáttmála í kjölfar umræðu og samþykktar í æðsta fulltrúaráði hans,
  - taka að sér að uppfylla skuldbindingar sínar skv. sáttmála þessum og gefa reglulegar opinberar skýrslur um framgang innleiðingar framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum,
  - ábyrgjast að undirritaður og kjörnir fulltrúar hans fari eftir og virði reglur um hvernig koma eigi fram í jafnréttismálum.
- 2) Undirritaður notar lýðræðislegt umboð sitt til að hvetja aðrar pólitískar og opinberar stofnanir, einkaaðila og frjáls félagasamtök til aðgerða sem tryggja rétt kvenna og karla til jafnrar stöðu í framkvæmd.

5. gr. – Að vinna með öðrum að framgangi jafnréttis

- 1) Undirritaður tekur að sér að vinna með öllum sínum samstarfsaðilum, bæði úr opinbera- og einkageiranum, og með frjálsum félagasamtökum, til þess að stuðla að jafnari stöðu kvenna og karla í öllum lífsaðstæðum innan síns svæðis. Hann mun sérstaklega leita eftir samstarfi við aðila vinnumarkaðarins í þessu skyni.
- 2) Undirritaður ráðfærir sig við samstarfsaðila sína og stofnanir, þ.m.t. aðila vinnumarkaðarins, við þróun og endurskoðun á aðgerðaáætlun sinni í jafnréttismálum og varðandi önnur meiriháttar mál tengd jafnri stöðu kynjanna.

6. gr. – Að vinna gegn staðalímyndum

- 1) Undirritaður skuldbindur sig til að vinna gegn fordómum, háttsemi, málfari og myndmáli sem byggir á hugmyndum um æðri eða óæðri stöðu annars kynsins, eða á staðalímyndum fyrir hlutverk kvenna og karla, og hindra þetta í eins ríkum mæli og hægt er.
- 2) Í þessu augnamiði tryggir undirritaður að hans opinberu samskipti, og þau innri, séu í fullu samræmi við þessa skuldbindingu og haldi á lofti jákvæðum kynjaímyndum og fordæmum.
- 3) Undirritaður aðstoðar einnig starfsfólk sitt, með þjálfun og öðrum leiðum, til að bera kennsl á og útrýma viðhorfum og hegðun sem byggir á staðalímyndum og mun setja reglur um slíka hegðun.
- 4) Undirritaður efnir til verkefna og herferða til að auka meðvitund um hin neikvæðu áhrif sem kynjaðar staðalímyndir hafa á það að jöfn staða kvenna og karla náist.

### 7. gr. – Góðir stjórnunarhættir og samráð

- 1) Undirritaður viðurkennir rétt kvenna og karla til að um málefni þeirra sé fjallað á jafnréttisgrundvelli, af hlutlægni, sanngirni og innan hæfilegs tíma, þ.m.t.:
  - Réttinn til að tjá sig áður en einstök ákvörðun er tekin sem gæti haft neikvæð áhrif á þau.
  - Skyldu yfirvalds til að rökstyðja ákvarðanir sínar.
  - Réttinn til aðgangs að upplýsingum, sem skipta máli, um mál sem snerta þau.
- 2) Undirritaður viðurkennir að gæði stefnu hans og ákvarðanatöku eru líkleg til að aukast, á öllu hans valdsviði, ef allir viðkomandi hafa tækifæri á mótunarstigi til umsagnar og það er mikilvægt að konur og karlar hafi í raun jafnan aðgang að upplýsingum, sem skipta máli, og jöfn tækifæri til að bregðast við þeim.
- 3) Undirritaður skuldbindur sig því til að taka eftirfarandi skref, eftir því sem við á:
  - Að tryggja að fyrirkomulag upplýsingaveitu taki tillit til þarfa kvenna og karla, þ.m.t. ólíkan aðgang þeirra að upplýsinga- og samskiptatækni.
  - Að tryggja þegar samráð fer fram að þeir, sem annars eru ólíklegastir til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, hafi jöfn tækifæri til að taka þátt í samráði og að lögleg jákvæð skref séu tekin til að tryggja þetta.
  - Að halda, þegar við á, sérstaka samráðsfundi fyrir konur.

### **ALMENN UMGJÖRD JAFNRÉTTIS**

#### 8. gr. – Almenn ábyrgð

- 1) Undirritaður mun viðurkenna, virða og halda á lofti viðkomandi réttindum og grundvallarreglum um jafna stöðu kvenna og karla á öllum þeim sviðum, sem vald hans nær til, og berjast gegn lakari stöðu og mismunun sem byggir á kyni.
- 2) Ábyrgð, sem tiltekin er í þessum sáttmála, á aðeins við undirritaðan þegar hún fellur að öllu leyti eða hluta innan lagalegs valds hans.

#### 9. gr. – Kynjamat

- 1) Undirritaður tekur að sér að vinna kynjamat á öllum þeim sviðum, sem vald hans nær til, eins og það er kynnt í þessari grein.

- 2) Í þessu augnamiði tekur undirritaður að sér að vinna áætlun að innleiðingu kynjamats, í samræmi við eigin forgangsröðun, auðlindir og tímaáætlanir, sem verður hluti af eða tekið tillit til í aðgerðaáætlun hans í jafnréttismálum.
- 3) Kynjamat skal innihalda, eftir því sem við á, eftirfarandi skref:
  - Endurskoðun á núverandi stefnu, málsmeðferð, framkvæmd, starfsháttum og umfangi notkunar til að meta hvort í þessum þáttum felist ósanngjörn mismunun, hvort sem hún byggist á stöðluðum kynjaímyndum eða tekur ekki nægilega tillit til sértækra þarfa kvenna og karla.
  - Endurskoðun á veitingu auðlinda, fjárhagslegra og annarra, í framangreindum tilgangi.
  - Skilgreiningu á forgangsröðun og, eftir því sem við á, markmiðum til að taka á málum sem koma upp í þessari endurskoðun og koma til leiðar skilgreindum umbótum á þjónustu.
  - Skuldbindingu um að á frumstigi fari fram mat á öllum þýðingarmiklum tillögum um nýja eða bætta stefnu, málsmeðferð og breytingu á veitingu auðlinda til að greina möguleg áhrif þeirra á konur og karla og til að taka endanlegar ákvarðanir að teknu tilliti til matsins.
  - Að tillit sé tekið til þarfa eða hagsmuna þeirra sem upplifa margfalda mismunun eða lakari stöðu.

#### 10. gr. – Margföld mismunun eða lakari staða

- 1) Undirritaður viðurkennir að mismunun er bönnuð, á hvaða grundvelli sem er, hvort sem það er vegna kyns, kynþáttar, þjóðernislegs eða félagslegs uppruna, erfðapátta, tungumáls, trúarbragða eða lífsskoðana, pólitískra eða annarra skoðana, minnihlutastöðu, eignastöðu, fæðingar, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar.
- 2) Undirritaður viðurkennir enn fremur að þrátt fyrir þetta bann líður fjöldi kvenna og karla fyrir margfalda mismunun eða lakari stöðu, þ.m.t. vegna félags-/efnahagslegrar stöðu, sem hefur bein áhrif á getu þeirra til að nýta sér önnur réttindi sem tiltekin eru eða vísað til í þessum sáttmála.
- 3) Undirritaður skuldbindur sig til að beita öllum réttmætum aðferðum til að berjast gegn margfaldri mismunun og lakari stöðu á öllum þeim sviðum sem vald hans nær til, þ.m.t. að:
  - tryggja að tekið sé á áhrifum margfaldrar mismununar eða lakari stöðu í aðgerðaáætlun um jafnrétti og kynjamati,

- tryggja að tekið sé tillit til mála, sem rísa vegna margfaldrar mismununar eða lakari stöðu, þegar gripið er til aðgerða eða ráðstafana samkvæmt öðrum greinum þessa sáttmála,
- fara í opinberar upplýsingaherferðir til að vinna gegn staðalímyndum og vinna að því að jafnræðis sé gætt í meðferð þeirra kvenna og karla sem gætu liðið fyrir margfalda mismunun eða lakari stöðu,
- grípa til sértækra ráðstafana til að bregðast við sérstökum þörfum innflytjendakvenna og -karla.

## **HLUTVERK ATVINNUREKANDA**

### 11. gr.

- 1) Út frá hlutverki sínu sem atvinnurekandi, viðurkennir undirritaður rétt kvenna og karla til jafnrar stöðu hvað varðar alla þætti starfsmannamála, þar á meðal vinnuskipulag og vinnuáætlun.
- 2) Undirritaður viðurkennir réttinn til samræmingar atvinnu-, félags- og einkalífs og réttinn til virðingar og öryggis á vinnustað.
- 3) Undirritaður skuldbindur sig til að grípa til allra réttmætra ráðstafana, þ.m.t. jákvæðra aðgerða innan lagalegra heimilda hans, til að styðja við framangreind réttindi.
- 4) Ráðstafanir sem vísað er til í 3) eru eftirfarandi:
  - a) Endurskoðun á viðeigandi stefnu og málsmeðferð, sem tengjast starfsmannamálum innan skipulagsheildar hans, og þróun og innleiðingu á starfsmannakafla aðgerðaáætlunar hans í jafnréttismálum til að taka á misrétti innan hæfilegs tíma, og tekur meðal annars á:
    - jöfnum launum, þ.m.t. jöfnum launum fyrir jafnverðmæt störf,
    - fyrirkomulagi til að endurskoða kaup, kjör, launakerfi og eftirlaun,
    - ráðstafanir til að tryggja sanngjarnt og gagnsætt framgangskerfi og tækifæri til starfsþróunar,
    - ráðstafanir til að tryggja jöfn hlutföll kvenna og karla á öllum stigum, sérstaklega til að leiðrétta misvægi sem kann að vera á æstu stjórnunarstigum,
    - ráðstafanir til að taka á hverri þeirri kynskiptingu sem kann að vera í störfum og til að hvetja starfsfólk til að taka að sér óhefðbundin störf,

- ráðstafanir til að tryggja sanngjarnar ráðningar,
  - ráðstafanir til að tryggja viðeigandi, heilsusamlegar og öruggar vinnuaðstæður,
  - Málsmeðferð fyrir samráðsferla með starfsfólki og stéttarfélögum þeirra til að tryggja jafna þátttöku kvenna og karla í öllum umsagnar- eða samninganefndum.
- b) Andstaða við kynferðislega áreitni á vinnustað með því að gefa skýr skilaboð um að slík hegðun sé óásættanleg, með því að styðja fórnarlömb, kynna og innleiða gagnsæja stefnu sem tekur á gerendum og með því að auka meðvitund um málið;
- c) Samsetning starfslíðs á öllum stigum skipulagsheildarinnar sem endurspeglar félagslegan, efnahagslegan og menningarlegan fjölbreytileika íbúanna;
- d) Stuðningur við samræmingu atvinnu, félags- og einkalífs með því að:
- kynna stefnu sem leyfir, eftir því sem við á, aðlögun vinnutíma og ráðstafanir til að sjá þeim, sem eru háðir umönnun starfsfólks, fyrir henni,
  - hvetja karla til að nýta rétt sinn til að annast aðstandendur sem þurfa á því að halda.

## **OPINBER INNKAUP OG SAMNINGAR**

### 12. gr.

- 1) Undirritaður viðurkennir ábyrgð sína á því að vinna að jafnri stöðu kvenna og karla þegar kemur að opinberum innkaupum, þ.m.t. samningum um vörur, þjónustu og framkvæmdir.
- 2) Undirritaður viðurkennir að þetta er sérstakur ábyrgðarhluti þegar ætlunin er að bjóða út mikilvæga þjónustu fyrir almenning, sem hann ber ábyrgð á lögum samkvæmt, til annars lögaðila. Í slíkum tilvikum mun undirritaður tryggja að sá lögaðili sem fær samninginn (hvert sem eignarhaldsform hans er) beri sömu ábyrgð á að tryggja eða vinna að jafnri stöðu kvenna og karla og undirritaður hefði borið ef hann veitti þjónustuna milliliðalaust.
- 3) Undirritaður tekur enn fremur að sér að hrinda í framkvæmd eftirfarandi aðgerðum, eftir því sem hann telur við eiga:
  - a) að kanna í hvert skipti sem mikilvægur samningur er gerður áhrif á kynin og tækifæri til að vinna að jafnri stöðu kvenna og karla innan ramma laga;

- b) að tryggja að skilgreiningar í samningsákvæðum taki tillit til markmiða samningsins um kynjajafnrétti;
- c) að tryggja að önnur samningshugtök og skilyrði fyrir viðkomandi samningi taki tillit til og endurspegli þessi markmið;
- d) að nota þær heimildir, sem löggjöf Evrópusambandsins um opinber innkaup veitir, til að setja fram fullnustuskiyryði um að félagslegra sjónarmiða sé gætt;
- e) að gera starfsfólk sitt og ráðgjafa, sem bera ábyrgð á opinberum innkaupum og samningagerð, meðvituð um jafnréttisþátt starfs þeirra þ. á m. með þjálfun í þessu augnamiði;
- f) að tryggja að skilmálar aðalsamnings feli í sér að undirverktakar séu einnig skuldbundnir af viðkomandi skilmálum um að vinna að jafnri stöðu kvenna og karla.

### ***HLUTVERK SEM VEITANDI ÞJÓNUSTU***

#### ***13. gr. – Menntun og nám í gegnum allt lífið***

- 1) Undirritaður viðurkennir rétt allra til menntunar og viðurkennir enn fremur rétt allra til aðgangs að starfs- og símenntun. Undirritaður viðurkennir hið mikilvæga hlutverk menntunar, á öllum stigum lífsins, í að skapa raunveruleg jöfn tækifæri, til að veita nauðsynlega lífs- og starfshæfni og til að opna nýja möguleika hvað varðar fagmenntun og starfsþróun.
- 2) Undirritaður tekur að sér, á öllum sínum valdsviðum, að tryggja eða vinna að jöfnum aðgangi kvenna og karla, stúlkna og pilta að menntun, símenntun og starfsþjálfun.
- 3) Undirritaður viðurkennir þörfina á því að afnema allar staðalímyndir um hlutverk kvenna og karla á öllum sviðum menntunar. Til þess tekur hann að sér að framkvæma eða vinna að eftirfarandi, eftir því sem við á:
  - Endurskoðun kennsluefnis, skipulags skólanáms og námskeiða og kennsluáðferða til að tryggja að unnið sé gegn viðhorfum og hegðun sem dregur dóm af staðalímyndum.
  - Sértekum aðgerðum til að hvetja til óhefðbundins starfsvals.
  - Að í námi um hlutverk og stöðu borgaranna sé lögð sérstök áhersla á að vera með þætti sem sýna mikilvægi þess að konur og karlar taki jafnan þátt í lýðræðinu.
- 4) Undirritaður viðurkennir að það hvernig skólum og öðrum menntastofnunum er stýrt felur í sér mikilvæga fyrirmynd fyrir börn og ungt fólk. Hann skuldbindur sig þar af leiðandi til að vinna að jöfnum

hlutföllum kvenna og karla á öllum stigum stjórnunar og stjórnsýslu skóla.

#### 14. gr. – Heilsa

- 1) Undirritaður viðurkennir rétt allra til að njóta góðrar líkamlegrar og andlegrar heilsu og staðfestir að aðgangur kvenna og karla að góðri heilsugæslu, lækni meðferð og fyrirbyggjandi heilsuvernd er nauðsynleg til að tryggja þennan rétt í framkvæmd.
- 2) Undirritaður viðurkennir að til að tryggja jöfn tækifæri kvenna og karla til að njóta góðrar heilsu verður lækni- og heilbrigðisþjónusta að taka tillit til ólíkra þarfa þeirra. Undirritaður viðurkennir enn fremur að þessar þarfir spretta ekki eingöngu af líffræðilegum mismun, heldur einnig af ólíkum lífs- og vinnuskilyrðum sem og af viðhorfum og forsendum byggðum á staðalímyndum.
- 3) Undirritaður skuldbindur sig til allra réttmætra aðgerða, á sínu ábyrgðarsviði, til að vinna að og tryggja sem besta heilsu borgara sinna. Í þessu augnamiði tekur undirritaður að sér að framkvæma eða vinna að eftirfarandi aðgerðum, eftir því sem við á:
  - Að samþætta kynjasjónarmið í skipulag, fjármögnun og veitingu heilbrigðis- og lækniþjónustu.
  - Að tryggja að heilsustyrkjandi aðgerðir, þ.m.t. þær sem hvetja til heilbrigðs mataræðis og mikilvægi hreyfingar, feli í sér viðurkenningu á ólíkum þörfum og viðhorfum kvenna og karla.
  - Að tryggja að heilbrigðisstarfsfólk, þ.m.t. það sem starfar að heilsustyrkjandi aðgerðum, viti hvernig kyn getur haft áhrif á lækni- og heilbrigðisþjónustu og taki tillit til ólíkrar reynslu kvenna og karla af slíkri þjónustu.
  - Að tryggja að konur og karlar hafi aðgang að viðeigandi upplýsingum um heilbrigðismál.

#### 15. gr. – Félagsleg umönnun og þjónusta

- 1) Undirritaður viðurkennir að allir eiga rétt á nauðsynlegri félagsþjónustu og til að njóta félagslegrar aðstoðar ef þörf er á.
- 2) Undirritaður viðurkennir að karlar og konur hafa ólíkar þarfir sem kunna að stafa af ólíkum félagslegum og efnahagslegum aðstæðum eða öðrum þáttum. Þar af leiðandi mun undirritaður gera allar réttmætar ráðstafanir til að tryggja jafnan aðgang kvenna og karla að félagslegri umönnun og félagsþjónustu, svo sem að:

- samþætta kynjasjónarmið í skipulag, fjármögnun og veitingu félagslegrar umönnunar og félagsþjónustu,
- tryggja að þeir sem veita félagsþjónustu og félagslega umönnun viti hvernig kyn hefur áhrif á þessa þjónustu og taki tillit til ólíkrar reynslu kvenna og karla af henni.

#### 16. gr. – Umönnun barna

- 1) Undirritaður viðurkennir það lykilhlutverk sem fagleg umönnun barna gegnir í framgangi raunverulegrar jafnstöðu kvenna og karla. Hún gerir þeim kleift að samræma atvinnu, tómstundir og einkalíf og þarf að vera á viðráðanlegu verði og aðgengileg öllum foreldrum og öðrum sem bera ábyrgð á umönnun barna, hverjar sem fjárhagsaðstæður þeirra eru. Undirritaður viðurkennir enn fremur framlag slíkrar umönnunar barna til efnahags, samfélagslífs og uppbyggingar nærsamfélagsins, sem og alls þjóðfélagsins.
- 2) Undirritaður skuldbindur sig til að gera það eitt af forgangsverkefnum sínum að boðið sé upp á slíka umönnun og unnið að henni, beint eða í gegnum aðra aðila. Undirritaður ábyrgist enn fremur að hvetja til þess að aðrir bjóði upp á slíka umönnun, þ.m.t. að vinnuveitendur í sveitarfélaginu bjóði upp á eða styðji umönnun barna.
- 3) Undirritaður viðurkennir enn fremur að uppeldi barna krefst þess að karlar og konur og þjóðfélagið í heild deili með sér ábyrgð, og ábyrgist að vinna gegn staðalímyndum um að umönnun barna sé að mestu leyti í verkahring og á ábyrgð kvenna.

#### 17. gr. – Umönnun annarra aðstandenda

- 1) Undirritaður viðurkennir að konur og karlar bera ábyrgð á umönnun annarra aðstandenda en barna og að þessi ábyrgð getur haft áhrif á getu þeirra til að taka fullan þátt í efnahags- og samfélagslífi.
- 2) Undirritaður viðurkennir enn fremur að slík ábyrgð á umönnun fellur hlutfallslega meira í hlut kvenna og vinnur því gegn jafnri stöðu kvenna og karla.
- 3) Undirritaður skuldbindur sig til að vinna gegn þessum mismun, eftir því sem við á, með því að:
  - gera það eitt af forgangsverkefnum sínum að boðið sé upp á og unnið að því að veita faglega umönnun fyrir aðstandendum á viðráðanlegu verði, beint eða í gegnum aðra aðila,
  - veita stuðning og stuðla að tækifærum fyrir þá sem einangrast félagslega vegna umönnunarskyldna sinna,

- berjast gegn staðalímyndum sem ganga út frá því að umönnun aðstandenda sé fyrst og fremst á ábyrgð kvenna.

#### 18. gr. – Félagsleg virkni

- 1) Undirritaður viðurkennir að allir hafa rétt til verndar gegn fátækt og félagslegri útskúfun og enn fremur að konur eru almennt líklegri til að þjást vegna félagslegrar útskúfunar þar sem þær hafa síður en karlar, aðgang að úrræðum, vöru, þjónustu og tækifærum.
- 2) Undirritaður ábyrgist því að grípa til samhæfðra ráðstafana á sínum þjónustusviðum og innan sinnar starfsemi, og í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, til að:
  - vinna að því að allir þeir sem lifa, eða eiga á hættu að lifa, í félagslegri útskúfun eða fátækt eigi greiðan aðgang að atvinnu, húsnæði, þjálfun, menntun, menningu, upplýsinga- og samskiptatækni, félags- og lækniástoð,
  - bera kennsl á sérstakar þarfir og aðstæður kvenna sem upplifa félagslega útskúfun,
  - vinna að aðlögun innflytjendakvenna og -karla, með tilliti til sérstakra þarfa þeirra.

#### 19. gr. – Húsnæðismál

- 1) Undirritaður viðurkennir réttinn til húsnæðis og staðfestir að aðgangur að góðu húsnæði er ein af grundvallarþörfum manna, lífsnauðsynlegur fyrir velferð einstaklings og fjölskyldu hans eða hennar.
- 2) Undirritaður viðurkennir enn fremur að konur og karlar hafa oft sérstakar og ólíkar þarfir hvað varðar húsnæði sem taka þarf fullt tillit til, þ. á m. að:
  - a) konur hafa að meðaltali lægri tekjur og færri úrræði en karlar, og þurfa þess vegna húsnæði á verði sem þær ráða við;
  - b) konur eru í forsvari heimilisins í flestum fjölskyldum þar sem aðeins er eitt foreldri og hafa þess vegna þörf fyrir félagslegt húsnæði;
  - c) karlar í áhættuhópi eru oft hlutfallslega fleiri í hópi heimilislausra.
- 3) Undirritaður skuldbindur sig því, eftir því sem við á, til að:
  - a) bjóða fram og greiða fyrir aðgangi að húsnæði sem er fullnægjandi að stærð og gæðum, er í mannsæmandi umhverfi fyrir alla og með aðgengi að nauðsynlegri þjónustu;

- b) grípa til ráðstafana til að koma í veg fyrir heimilisleysi og sérstaklega að veita heimilislásum aðstoð út frá mati á þörfum, í hvaða áhættu viðkomandi er, og án mismununar ;
  - c) aðstoða, eftir mætti, við að gera verð á húsnæði viðráðanlegt fyrir þau sem ekki hafa fullnægjandi tekjur.
- 4) Undirritaður ábyrgist einnig að tryggja eða vinna að, jöfnum rétti kvenna og karla til að leigja, eiga eða hafa annars konar eignarrétt yfir heimili sínu og í því augnamiði að nota einnig vald sitt eða áhrif, til að tryggja að konur hafi jafnan aðgang að húsnæðislánum og annars konar fjárhagsaðstoð og lánum fyrir húsnæði.

#### 20. gr. – Menning, íþróttir og afþreying

- 1) Undirritaður viðurkennir rétt allra til að taka þátt í menningarlífi og njóta lista.
- 2) Undirritaður viðurkennir enn fremur framlag íþróttar til samfélagsins og til að tryggja réttinn til heilsu eins og hann er skilgreindur í 14. gr. Undirritaður viðurkennir enn fremur að konur og karlar hafa jafnan rétt á aðgangi að menningar-, afþreyingar- og íþróttastarfsemi og -aðstöðu.
- 3) Undirritaður viðurkennir að konur og karlar geta haft ólíka reynslu og mismunandi áhuga á menningu, íþróttum og afþreyingu og að þetta kann að vera afleiðing af viðhorfum og athöfnum sem draga dóm af staðalímyndum. Hann skuldbindur sig því til að gera eða vinna að ráðstöfunum, þ. á m., eftir því sem við á að:
  - tryggja, eftir því sem hægt er, að það sé jafnt framboð og aðgengi fyrir konur og karla, piltar og stúlkur, að íþróttar-, afþreyingar- og menningarstarfsemi og -aðstöðu,
  - hvetja konur og karla, piltar og stúlkur, til að taka að jöfnu þátt í íþróttum og menningarstarfsemi, þ.m.t. þeirri sem hefðbundið er að líta á sem fyrst og fremst „kvenlega“ eða „karlmannlega“,
  - hvetja listamenn og menningar- og íþróttafélög til að efla menningar- og íþróttastarfsemi sem hrófla við staðalímyndum af konum og körlum,
  - hvetja opinber bókasöfn til að bregðast við kynjuðum staðalímyndum í bókaframboði sínu og öðru efni og í kynningarstarfi sínu.

#### 21. gr. – Hættuleysi og öryggi

- 1) Undirritaður viðurkennir rétt hvers konu og hvers karls til að vera öruggur um sig og njóta frelsis til að geta hreyft sig úr stað og að það sé ekki hægt að njóta þessara réttinda á frjálstan og jafnan hátt ef konur eða

karlar eru í hættu eða búa við öryggisleysi, hvort heldur er í einkalífi eða á opinberum vettvangi eða ef þeim finnst þau vera í hættu eða öryggislaus.

- 2) Undirritaður viðurkennir enn fremur að konur og karlar standa gjarnan frammi fyrir ólíkum vandamálum, hvað varðar hættuleysi og öryggi, og taka þarf á þeim vanda. Að hluta til er ástæðan sú að það hvíla mismunandi skyldur á þeim og lífsstíll þeirra er ólíkur.
- 3) Undirritaður skuldbindur sig því til þess:
  - a) að greina út frá kynjasjónarmiði tölfræði um umfang og mynstur atvika (þ.m.t. alvarlegra brota gegn einstaklingum) sem hafa áhrif á öryggi kvenna og karla og valda þeim hættu, og ef við á, að mæla stig og eðli ótta við glæpi eða aðra uppsprettu óöryggis;
  - b) að þróa og innleiða áætlanir, stefnu og aðgerðir, þ.m.t. sérstakar umbætur á ástandi eða skipulagi nærumhverfis (til dæmis skiptistöðva, bílastæða og götuljósa) eða á löggæslu og tengdri þjónustu, til að auka raunverulegt öryggi og minnka hættu fyrir konur og karla og leitast við að draga úr að þeim finnist öryggi ábótavant og hætta á ferðum.

#### 22. gr. – Kynbundið ofbeldi

- 1) Undirritaður viðurkennir að kynbundið ofbeldi, sem hefur hlutfallslega meiri áhrif á konur, er brot á grundvallarmannréttindum og árás á mannvirðingu og líkamlegt og tilfinningalegt skipbrot fyrir manneskjur.
- 2) Undirritaður viðurkennir að kynbundið ofbeldi sprettur úr hugmynd gerandans um yfirburði annars kynsins yfir hinu við þær aðstæður að valdahlutföllin eru ójöfn.
- 3) Undirritaður skuldbindur sig því til að koma á og styrkja stefnu og aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi, þ.m.t. að:
  - setja á fót og styðja við sérstök stuðningsúræði fyrir fórnarlömb,
  - veita opinberar upplýsingar, á öllum þeim tungumálum sem mest eru notuð á svæðinu, um þá aðstoð sem stendur til boða,
  - tryggja að starfsmenn með fagþekkingu séu þjálfaðir í að bera kennsl á og aðstoða þolendur,
  - tryggja að skilvirk samhæfing sé milli þeirra sem veita þjónustu á sviðinu, svo sem lögreglu, heilbrigðis- og húsnaðisyfirvalda,
  - vinna að vitundarherferðum og skipulagðri fræðslu sem beinist að mögulegum og raunverulegum þolendum og gerendum.

### 23. gr. – Mansal

- 1) Undirritaður viðurkennir að mansalsglæpurinn, sem hefur hlutfallslega meiri áhrif á konur og stúlkur, er brot á grundvallarmannréttindum og áráð á mannvirðingu og líkamlegt og tilfinningalegt skipbrot fyrir manneskjur.
- 2) Undirritaður tekur að sér að koma á fót og styrkja stefnu og aðgerðir sem koma í veg fyrir mansal, þ. á m., eftir því sem við á, með:
  - upplýsinga- og vitundarherferð,
  - skipulagðri þjálfun fyrir starfsfólk með fagþekkingu sem ber ábyrgð á að bera kennsl á og styðja þolendur,
  - ráðstöfunum til að draga úr eftirspurn,
  - viðeigandi ráðstöfunum til að aðstoða fórnarlömb, meðal annars með aðgangi að lækni meðferð, fullnægjandi og öruggu húsnæði og túlkapjónustu.

## **SKIPULAG OG SJÁLFBÆR ÞRÓUN**

### 24. gr. – Sjálfbær þróun

- 1) Undirritaður viðurkennir að í skipulagsgerð og þróun stefnu fyrir framtíð hans svæðis verður að virða að fullu meginregluna um sjálfbæra þróun, sem felur í sér samþættingu efnahags-, félags-, umhverfis- og menningarlegra þátta þannig að jafnvægis sé gætt, og sem einnig sérstaklega felur í sér þörfina á að vinna að og ná fram jafnri stöðu kvenna og karla.
- 2) Undirritaður skuldbindur sig þar af leiðandi til að taka tillit til meginreglunnar um jafna stöðu kvenna og karla sem grundvallarþáttar í allri skipulagsgerð, eða þróun stefnu, fyrir sjálfbæra þróun hans svæðis.

### 25. gr. – Skipulag þéttbýlis og fámennari staða.

- 1) Undirritaður viðurkennir mikilvægi stefnumótunar og áætlanagerðar hans um skipulag, samgöngur, efnahagsþróun og landnotkun til að skapa skilyrði sem stuðla að því að jöfn staða kvenna og karla náist í meira mæli í staðbundnum samfélögum.
- 2) Undirritaður skuldbindur sig til að tryggja að í mótun, samþykki og innleiðingu slíkra stefna og áætlana:
  - sé tekið fullt tillit til að það er þörf á að halda virku jafnrétti á lofti á öllum sviðum staðbundins samfélags,

- sé fullnægjandi tillit tekið til sérstakra þarfa kvenna og karla, til dæmis í sambandi við atvinnumál, aðgang að þjónustu og menningarlífi, menntun og fjölskylduábyrgð, og að byggt sé á viðeigandi upplýsingum af svæðinu og annars staðar frá, þ.m.t. kynjamati undirritaðs,
- séu teknar upp hágæða hönnunarlausnir sem taka tillit til sérstakra þarfa kvenna og karla.

#### 26. gr. – Hreyfanleiki og samgöngur

- 1) Undirritaður viðurkennir að hreyfanleiki og aðgangur að samgöngum eru nauðsynleg skilyrði þess að konur og karlar geti nýtt ýmis réttindi sín, sinnt verkefnum sínum og athöfnum, þ. á m. hvað varðar aðgang að starfi, menntun, menningu og nauðsynlegri þjónustu. Undirritaður viðurkennir enn fremur að sjálfbærni og árangur sveitarfélags eða héraðs byggir að miklu leyti á þróun skilvirkra, hágæða samgönguinnviða og almenningsamgangna.
- 2) Undirritaður viðurkennir enn fremur að í framkvæmd hafa konur og karlar oft ólíkar þarfir og ólík notkunarmynstur hvað varðar hreyfanleika og samgöngur, sem getur byggst á þáttum eins og tekjum, umönnunarskyldum eða vinnutíma og að af því leiðir að konur nota almenningsamgöngur gjarnan í meira mæli en karlar.
- 3) Undirritaður skuldbindur sig þar af leiðandi til að:
  - a) taka tillit til þarfa, annars vegar karla og hins vegar kvenna, sem skipta máli fyrir hreyfanleika og hvernig hvort kynið fyrir sig notar samgöngur, hvort heldur þau koma úr þéttbýli eða dreifbýli;
  - b) tryggja að þær samgöngur sem eru aðgengilegar borgurum á yfirráðasvæði stjórnvalds mæti sérstökum og almennum þörfum bæði karla og kvenna og stuðli að því að raunverulegt jafnrétti kvenna og karla nái fram að ganga í staðbundnum samfélögum.
- 4) Undirritaður skuldbindur sig enn fremur til að vinna að framsæknum umbótum á almenningsamgöngum í og fyrir sitt svæði, þ.m.t. tengingum á milli ólíkra samgöngutækja, til að mæta sérstökum og almennum þörfum kvenna og karla fyrir reglulegar, öruggar og aðgengilegar samgöngur á viðráðanlegu verði, og til að stuðla að sjálfbærri þróun þeirra.

#### 27. gr. – Efnahagsþróun

- 1) Undirritaður viðurkennir að stöðug og sjálfbær efnahagsþróun er lykillinn að framförum í sveitarfélagi eða héraði og að athafnir hans og þjónusta á þessu sviði eru mikilvægt framlag í átt að jafnri stöðu kvenna og karla.

- 2) Undirritaður viðurkennir þörfina á að auka hlutfall kvenna í vinnu og að þeim bjóðist góð störf og viðurkennir enn fremur að hættan á fátækt í tengslum við langvarandi atvinnuleysi og ólaunuð störf er sérstaklega mikil fyrir konur.
- 3) Undirritaður skuldbindur sig, í sambandi við athafnir sínar og þjónustu á sviði efnahagsþróunar, til að taka fullt tillit til þarfa og hagsmuna kvenna og karla og að nýta tækifæri til að jafna stöðu þeirra og taka viðeigandi skref í þá átt. Slík skref eru til dæmis:
  - Aðstoð við konur í frumkvöðlastarfsemi.
  - Að tryggja að fjárhagslegur og annar stuðningur við fyrirtæki nýtist til að jafna stöðu kynjanna.
  - Hvatning til kvenna í starfsþjálfun að tileinka sér færni og öðlast viðurkenningu til að stunda störf sem hefðbundið er að líta á sem karlastörf, og öfugt.
  - Hvatning til atvinnurekenda að ráða konur, sem nema og í starfsþjálfun, til að öðlast færni, viðurkenningu og stöðu á sviðum sem hefðbundið er að líta á sem karlasvið, og öfugt.

#### 28. gr. – Umhverfi

- 1) Undirritaður viðurkennir ábyrgð sína á því að vinna að því að umhverfisvernd og umhverfisgæði séu á háu stigi á hans svæði, þ.m.t. með sérstakri stefnu um sorp, hávaða, loftgæði, líffræðilegan fjölbreytileika og áhrif loftslagsbreytinga. Undirritaður viðurkennir jafnan rétt kvenna og karla til að njóta góðs af þjónustu hans og stefnu hvað umhverfið varðar.
- 2) Undirritaður viðurkennir að á mörgum stöðum er munur á lífsstíl kvenna og karla og konur og karlar geta notað staðbundna þjónustu, og opin svæði eða svæði fyrir almenning á mismunandi hátt og staðið andspænis ólíkum umhverfisvandamálum.
- 3) Undirritaður skuldbindur sig því til að taka fullt og jafnt tillit til sérstakra þarfa og lífsstíls, annars vegar kvenna og hins vegar karla, og til grundvallarreglunnar um samstöðu milli kynslóða, við mótun umhverfisstefnu sinnar og –þjónustu, .

### **REGLUSETNINGARHLUTVERKIÐ**

#### 29. gr. – Sveitarstjórnir sem reglusetningarvald

- 1) Undirritaður viðurkennir hið mikilvæga hlutverk sem skilvirk reglusetning og neytendavernd hefur í að tryggja öryggi og velferð íbúa

svæðisins og að konur og karlar geta orðið fyrir mismunandi áhrifum af þeirri starfsemi sem reglur eru settar um. Undirritaður tekur tillit til þessa er hann starfar við og beitir valdi sínu til að setja reglur um viðkomandi starfsemi innan síns svæðis.

- 2) Undirritaður skuldbindur sig til að taka tillit til sérstakra þarfa, hagsmuna og aðstæðna kvenna og karla við beitingu reglusetningarvalds síns.

## **VINABÆJAR- OG ALPJÓÐLEGT SAMSTARF**

### 30. gr.

- 1) Undirritaður viðurkennir verðmæti vinabæjar- og evrópsks og alþjóðlegs samstarfs sveitar- og héraðsstjórna til þess að færa borgara nær hverjum öðrum og í að stuðla að gagnkvæmum lærdómi og skilningi þvert á landamæri.
- 2) Undirritaður ábyrgist í vinabæjarsamstarfi sínu og evrópskri og alþjóðlegri samvinnu:
  - að konur og karlar, af ólíkum bakgrunni, taki þátt í þessu samstarfi á jafnræðisgrundvelli,
  - að nýta vinabæjartengsl og evrópsk og alþjóðleg samstarfstengsl til að skiptast á reynslu og til að læra hver af öðrum um málefni sem varða jafnrétti kvenna og karla,
  - að samþætta kynjasjónarmið í dreifstýrð samstarfsverkefni.

Evrópusamtök sveitarfélaga og héraða (The Council of European Municipalities and Regions; CEMR) eru stærstu samtök sveitarfélaga og héraða í Evrópu.

Landssamtök sveitarfélaga og héraða frá yfir 30 löndum Evrópu eiga aðild að samtökunum.

Aðalmarkmið CEMR er að vinna að því að Evrópa myndi sterka heild og byggja á sjálfstjórn sveitarfélaga og héraða og lýðræði. Evrópu þar sem ákvarðanir eru teknar eins nálægt íbúum og mögulegt er í samræmi við nálægðarregluna.

Starfsemi CEMR nær yfir breitt svið, þ. á m. almannatjónustu, samgöngumál, byggðamál, umhverfismál, jafnréttismál o.fl.

CEMR er líka virkt á alþjóðavettvangi. Innan þess starfar Evrópudeild heimssamtaka borga og sveitarfélaga (United Cities and Local Government; UCLG).

## YFIRLÝSING

### Evrópusáttmáli um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum

Sáttmáli fyrir sveitar- og héraðsstjórnir Evrópu um að skuldbinda sig til að beita völdum sínum og samstarfstengslum til að ná fram auknu jafnrétti fyrir íbúa sína.

Ég undirritaður *(nafn undirritaðs)*

sem gegni því embætti að vera *(embættisheiti)*

í *(nafn sveitarfélags)*

staðfesti með undirskrift minni að framangreint stjórnvald hefur formlega samþykkt að fylgja Evrópusáttmálanum um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum, og að fara eftir ákvæðum hans, og að ég hef fullt umboð til aðgerða af þess hálfu í málinu.

*(Undirskrift)*

*(Dagsetning)*

Ég samþykki að senda undirritað og fullfrágengið eintak af þessari yfirlýsingu til Evrópusamtaka sveitarfélaga og héraða, sem hafa haft veg og vanda af þessum sáttmála, á þetta pósthfang:

The Secretary General  
Council of European Municipalities and Regions  
15 rue de Richelieu  
F-75001 Paris – France